

## ✉ Re: Lýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags Vopnafjarðahrepps

|           |  |
|-----------|--|
| Búið til  | 6.12.2021 11:39:16   |
| Höfundur  | Snorri Sigurðsson  |
| Sent      | 6.12.2021 11:39:15   |
| Tilheyrir | 📁 202111-0012 - Lýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags Vopnafjarðahrepps |

### Efni

Re: Lýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags Vopnafjarðahrepps

### Upplýsingar

### Vinnsla

|              |                       |          |          |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent         | 6.12.2021 11:39:15    | Staða    | Imported |
| Eigandi      |                       | Tímamörk |          |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt |          |          |
| Lykilorð     |                       |          |          |

### Þátttakendur

|     |  |
|-----|--|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is) |
| Til | sigurdur.jonsson@efla.is                         |

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Afsakið að hún berst degi of seint.

-----  
Tilvísun í mál nr. 202111-0012 (SS).

Vísað er til bréfs frá skipulagsfulltrúa Vopnafjarðar, dags. 3. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Vopnafjarðahrepps.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda lýsingu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það sem þarf að fjalla um í frekari vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

Jákvætt er að leggja eigi sérstaka áherslu á áhrif loftslagsbreytinga og aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og einnig að horfa eigi til tækifæra í náttúruvernd. Náttúrufræðistofnun vill benda á mikilvægi þess að horfa til þessara tveggja þátta samtímis og samþætta aðgerðir.

Náttúruverndaraðgerðir geta til dæmis vegið þungt við að auka kolefnisbindingu sem og að styrkja aðlögun að loftslagsbreytingum. Í því samhengi má nefna verndun votlendis, straumvatna og fjörusvæða bæði vegna kolefnisbindingar, vatnsmiðlunar og temprunar á flóðaviðburðum. Þá er verndun og endurheimt gróskumikilla þurrlandisgróðurlenda svo sem kjarr-, gras- og mólendis mikilvæg til að styrkja bindingu kolefnis í jarðvegi og jafnframt vernda mikilvægar vistgerðir.

En það þarf einnig að tryggja að aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum svo sem skógrækt og þétting byggðar séu ekki framkvæmdar á svæðum sem hafa hátt verndargildi fyrir líffræðilega fjölbreytni eða landslag. Leggja þarf mat á áhrif slíkra áforma á helstu umhverfisþætti t.d. fuglalíf, vistgerðir, jarðminjar, landslag o.fl. Mælt er til þess að taka tillit til þessa við gerð aðalskipulagsins.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins eða hugsanlegra framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að finna má ýmsar upplýsingar um náttúru Íslands á heimasíðu stofnunarinnar [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>) þ.á.m. eftirfarandi gögn sem geta komið að notum:

- Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> (<http://ni.is/grodur/vistgerdir>) sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> (<http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>)
- Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> (<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) og [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)) .

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins eða hugsanlegra framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að finna má ýmsar upplýsingar um náttúru Íslands á heimasíðu stofnunarinnar [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>) þ.á.m. eftirfarandi gögn sem geta komið að notum:

- Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> (<http://ni.is/grodur/vistgerdir>) sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> (<http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>)
- Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> (<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) og [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)) .

Einnig má finna upplýsingar um

- 61. gr. um sérstaka vernd náttúrufræðisráðgjafar í lögum um náttúruvernd: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> (<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>)
- jarðfræði Íslands hér: <https://jardfraedikort.ni.is/> (<https://jardfraedikort.ni.is/>)
- vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði <https://vistgerdakort.ni.is/> (<https://vistgerdakort.ni.is/>)
- seli og selalátur við landið hér: [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf))

og kortasjá <http://selalatur.ni.is/> (<http://selalatur.ni.is/>)

Yfirlit yfir valista, plöntur og dýr, má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar> (<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>)

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufræði og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum aðalskipulagsvinnunnar.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) ([http://www.ni.is/](http://www.ni.is))



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Sigurður Jónsson" <[sigurdur.jonsson@efla.is](mailto:sigurdur.jonsson@efla.is)>  
**To:** "Vegagerðin - VG" <[Vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:Vegagerdin@vegagerdin.is)>; "skrifstofa@vedur.is" <[skrifstofa@vedur.is](mailto:skrifstofa@vedur.is)>; "ust@ust.is" <[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)>; "rarik@rarik.is" <[rarik@rarik.is](mailto:rarik@rarik.is)>; "os@os.is" <[os@os.is](mailto:os@os.is)>; "na@na.is" <[na@na.is](mailto:na@na.is)>; "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "thuridur@mi.is" <[thuridur@mi.is](mailto:thuridur@mi.is)>; "mi@mi.is" <[mi@mi.is](mailto:mi@mi.is)>; "isavia@isavia.is" <[isavia@isavia.is](mailto:isavia@isavia.is)>; "Leifur Þorkelsson" <[leifur@haust.is](mailto:leifur@haust.is)>; "fiskistofa" <[fiskistofa@fiskistofa.is](mailto:fiskistofa@fiskistofa.is)>; "ferdamalastofa@ferdamalastofa.is" <[ferdamalastofa@ferdamalastofa.is](mailto:ferdamalastofa@ferdamalastofa.is)>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <[samgongustofa@samgongustofa.is](mailto:samgongustofa@samgongustofa.is)>; "Skipulagsfulltrúi" <[skipulagsfulltrui@mulathing.is](mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is)>; "langanesbyggd@langanesbyggd.is" <[langanesbyggd@langanesbyggd.is](mailto:langanesbyggd@langanesbyggd.is)>; "nordurthing@nordurthing.is" <[nordurthing@nordurthing.is](mailto:nordurthing@nordurthing.is)>; "svalbardshreppur@svalbardshreppur.is" <[svalbardshreppur@svalbardshreppur.is](mailto:svalbardshreppur@svalbardshreppur.is)>

**CC:**

**Subject:** Lýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags Vopnafjarðahrepps

**Date:** 3.11.2021 17:25:41

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er til umsagnar lýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps.

